

fyrirskipi samkvæmt lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880, 4. gr., að Klausturhóla prestakall skuli niður lagt, þannig að Klausturhóla- og Búrfells sóknir leggist til Mosfells prestakalls og Úlfjótswatns kirkjusókn til Þingvalla prestakalls og að til hins síðarnefnda prestakalls leggist jarðarafgjöld af Miðdalskirkjujörðinni Ketilvöllum og sömu-leiðis prestsgjöld frá jörðunum Kaldárhöfða, Efri-Brú, Syðri-Brú og Ásgarði í Búrfells-sókn. Í sambandi við þetta hafið þjer skýrt frá, að brauð þessi hafi orðið laus og hafi þá reynzt ómögulegt að fá presta í þau bæði einsog þau áttu að verða samkvæmt lögum 27. febr. 1880, og að hlutadeigandi hjeraðsprófastur og biskupiinn hafi gefið bænarskránni meðmæli sín og loks að sóknarpresturinn að Þingvöllum hafi sent yfirlýsingu um, að hvorki hann eða söfnuður hans hafi nokkuð á móti því, að Úlfjótswatns sókn verði sameinuð Þingvalla prestakalli. Þjer teljið nú skipulag það heppilegt, sem hjer er farið fram á og sem engin ný gjöld hefir í för með sjer fyrir landsjóðinn, og þjer ætlið að tilgangurinn með ákvæði því í lögum 27. febr. 1880, sem vitnað er til, hafi verið sá, að veita landshöfðingja vald til að ráða til lykta breytingum á skipun prestakalla, þegar svo stendur á, sem ráð er fyrir gjört í lagaákvæðinu, að minnsta kosti þegar um engin aukin gjöld er að ræða fyrir landssjóð. En þrátt fyrir hvorttveggja þetta, hafið þjer álitid, þarsem Finsen landshöfðingi hefir á sínum tíma fylgt öðrum skilningi á lagaákvæði þessu, að þjer ættuð ekki á yðar eindæmi að gjöra út um málið, og hafið þjer því beiðzt leiðbeiningar minnar um skilning á lagareglu þeirri, sem hjer er um að ræða, og ef til þess kemur, að mjer þyki sú aðferðin nauðsynleg, hafið þjer beiðzt þess, að lagt verði fyrir alþingi það, er saman á að koma í sumar, lagafrumvarp um skipun á máli þessu samkvæmt óskum safnaðanna.

Útaf þessu skal eigi látið hjálíða að tjá yður þjónustusamlega, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg verð að ætla, að lög 27. febr. 1880, 4. gr., veiti landshöfðingja heimild til að staðfesta breytingu á sókna- og brauðaskipun, sem ekki hefir gjöld í för með sjer fyrir landssjóð, þegar hlutadeigandi söfnuðir biðja um breytinguna, hjeraðsfundur samþykkir hana og biskupinn gefur henni meðmæli sín. Þessvegna skal jeg samkvæmt því fela yður á vald að ráða til lykta máli því, er hjer liggur fyrir.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um gjöld til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1889. — Samkvæmt allraþegnlegastri tillögu ráðgjafans, hefir hans hátign konunginum þóknast 7. p. m. að fallast á, að gjöldin til fulltrúa stjórnarinnar á hinni reglulegu samkomu alþingis 1889 skuli ákeðin 2000 kr.

Þetta er eigi látið hjá líða hjermeð þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja útaf þingsályktun um verðlagsskýrslur. — Neðri deild alþingis 1885 samþykkti þingsályktun, þarsem skorað var á landsstjórnina, að hlutast til um, að verðlagsskýrslur verði framvegis samdar af hreppstjóra, presti og hreppsnefndaroddvita í sameiningu, og að þær liggja hreppsúum til sýnis á hentugum stað í 2 vikur, áður en þær verða sendar hlutadeigandi yfirvöldum. Eins og jeg þegar gat um í brjefi til yðar, herra landshöfðingi, dags. 26. febr. f. á., hef jeg ekki álitid að máli þessu mætti ráða til lykta með konungsúrskurði, en ætlað, að til þess þyrfti lög. Jeg hef heldur ekki getað fallizt á efnið í þingsályktun þeirri, sem nefnd þingdeild hefir komið fram með, af því að þar er ekki næg trygging fyrir, að allt það, sem á að hafa áhrif á setningu verðlagsskýrslanna, komizt þar að

64
5. maí.65
13. maí.66
14. maí.